

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 12. nóvember 2010

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, (kynferðisbrot) 139. löggjafarþing 2010–2011, 48 mál.

Ákærendafélag Íslands hefur í umsögn um 138. mál á síðasta þingi, þar sem lögð var til sambærileg breyting á orðalagi 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tjáð afstöðu sína til umræddra breytinga. Afrit af fyrri umsögn Ákærendafélagsins fylgir með bréfi þessu og vísast til þess sem þar segir.

Tillaga um bundið refsilágmark vegna brota gegn 194. gr. hgl. er nýnæmi. Ákærendafélagið telur almennt óheppilegt að binda hendur dómstóla með þessum hættir og bendir á að dómar Hæstréttar Íslands síðari ár hafa verið það þungir í nauðgunarmálum að vart verður séð að þörf sé á að binda refsilágmarkið í lög.

F.h. Ákærendafélags Íslands,


Helgi Magnús Gunnarsson formaður



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2010

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, (kynferðisbrot) 138. mál.

Umrætt frumvarp fjögurra þingmanna um breytt orðalag á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er ekki til bóta að álitni Ákærendafélags Íslands og leggst félagið gegn lögtoðu þess.

Núverandi orðalag 1. mgr. 194. gr. hgl. eins og greinin hefur verið orðuð frá árinu 2007 þegar almennum hegningarlögum var breytt með lögum nr. 61/2007, hefur gefið ágæta raun. Ákvæðið er orðað með líkum hætti og sambærileg ákvæði í Noregi og Danmörku.

Verði felld niður úr lögum skilgreining á hugtakinu nauðgun og látið við það sitja að hafa hugtakið óskýrt í lögnum, eins og lagt er til með frumvarpinu, mun það bjóða heim þeirri hættu að dómstólar telji það ekki uppfylla skilyrði um skýrleika refsheimilda. Slík aðferðarfræði sem frumvarpið byggir á er heldur á undanhaldi í lagasetningarstarfi og býður heim óvissu um túlkun þess. Núverandi orðalag 194. gr. hgl. rúmar að álitni Ákærendafélagsins andlega nauðung sem aðferð við nauðgun að jöfnu við líkamlega nauðung. Vandí við sönnun þess að ásetningur geranda standi til nauðgunar verður ekki leystur með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Helgi Magnús Gunnarsson formaður